

Skólaráðsfundur 04. nóvember 2015

Mættir: Svava Bogadóttir – skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Jens G. Einarsson – fulltrúar kennara, Ásmundur Ásmundsson – fulltrúi almennra starfsmanna, Sindri Friðriksson og Tanja Sigmundsdóttir – fulltrúar nemenda og Oddur Ragnarsson og Magnús Steingrímsson – fulltrúar foreldra.

1. Skólapúlsinn:

a. Foreldrakönnun

Svava fór lítillega yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum sem var lagður fyrir foreldra og eru niðurstöður að jafnaði mjög góðar. Foreldrar virðast almennt ánægðir með starfið í skólanum. Umræður spunnust einkum um eineltisspurningar; rætt um hvað felst í orðinu "einelti". Almenn ánægja með eineltisáætlun skólans meðal foreldra en fjöldi foreldra sem svarar jákvætt um einelti gagnvart börnunum þeirra þarf að skoða frekar.

- *Lagt til að skilgreining á einelti sent verði til foreldra ásamt kynningunni og foreldrum bent á fjölda foreldra sem telja að barn sitt hafi orðið fyrir einelti og beðið um viðbrögð frá foreldrum því þetta er hærrí prósentu en skólinn veit um.*

2. Könnun á líðan nemenda

Jón Ingi Baldvinsson kynnti niðurstöður líðankönnunar meðal allra nemenda í skólanum.

Könnunin er gerð tvisvar á hverju skólaári. Gegnumsneitt er niðurstaðan mjög góð.

Umsjónarkennarar fá niðurstöður úr bekkjunum og er reiknað með að niðurstöðurnar séu ræddar í bekkjunum.

- Umorða spurningu "Ég kvíði fyrir því að fara í skólann **ef (eða þegar?)** ég er ekki búinn að læra heima" (bls. 36 í samantekt)
- Má hugsanlega skilgreina "stríðni" í spurningum, er hún neikvæð eða jákvæð?
- Leggja þarf áherslu á það við nemendur að þeir verða að láta vita ef þeir vita um að það sé verið að leggja einhvern í einelti!

3. Önnur mál

- Tanja nefndi að nemendur í 10. bekk vildu fá sér sófa eða pláss fyrir sig. Umræður spunnust um nauðsyn þessa en engin ávörðun tekin, verður skoðað í framhaldi.

- Nemendur vilja gjarnan fá að sitja hvar sem þau vilja í mat. Svava sagði að þetta er aðallega spurning um frágang - hvernig getum við tryggt að það sé gengið frá borðum og þrifið.

**Lagt til að fundað verði með stjórn nemendafélagsins og starfsmönnum í matsal og rætt hvernig megi finna lausn á því að nemendur geti setið hvar sem er í matsalnum.*

- Svava kynnti "Lestrarhátið" sem verður á Degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember frá kl. 08.00-10.00. Þar verður m.a. kynnt lestrarstefna skólans.

- Svava spurði hvernig við gætum fengið foreldra til að mæta á svona viðburði? Erfitt þegar þetta er á vinnutíma. Tilkynningar verða sendar út á ýmsan máta.

- Oddur nefndi hvort möguleiki væri á að halda svona viðburði á starfsdögum skólans. Svava tók vel í það, þetta verður skoðað. Hugsanlega má setja fundi þar sem ætlast er til að foreldrar mæti án barna á starfsdegi.

Umræður spunnust um læsi og að nemendur geti lesið sér til gagns. En samkvæmt PISA könnunum hefur lesskilningi barna hrakað.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn. 02. desember 2015 kl. 08.00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 10.15

Hannes Birgir Hjálmarsson / Stóru-Vogaskóli 04. nóvember 2015